

ÚTSKRIFT ÚR FUNDARGERÐARBÓK

FRÆÐSLURÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA.

108. fundur Fræðsluráðs Húnaþings vestra haldinn þriðjudaginn 27. október 2009 kl. 16:00 í fundarsal Ráðhúss Húnaþings vestra.

Dagskrá:

1. Viðræður við skólastjóra Tónlistarskóla V-Hún.
2. Viðræður við skólastjóra Grunnskóla Húnaþings vestra.
3. Viðræður við leikskólaskólastjóra.

Afgreiðslur:

1. Elínborg Sigurgeirsdóttir skólastjóri Tónlistarskóla V-Hún greindi frá stöðu mála hjá skólanum. Skera hefur þurft niður starfshlutfall hjá kennurum þar sem nemendum hefur fækkað úr tæplega 100 í 92. Ef nemendafjöldi eykst á ný, eykst starfshlutfall kennara sem því nemur. Tónlistarskólinn fagnaði fertugasta starfsári sínu í ár og voru haldnir af því tilefni söngtónleikar í janúar síðastliðinn og einnig verða haldnir tónleikar n.k. laugardag, 31. október. Frítt verður á þá tónleika og verður Kvenfélagið Björk með vöflukaffi í boði Tónlistarskólans.
2. Siguður Þór Ágústsson skólastjóri Grunnskóla Húnaþings Vestra fór yfir vinnu við fjárhagsáætlun skólans fyrir árið 2010. Sýnist skólastjóra að fjárhagsáætlunin verði um 20.000.000 undir áætlun, með 5.000.000 kr. vikmörkum. Inn í þessari áætlun eru allar óskir skólastjóra varðandi kaup og viðhald á tækjum, búnaði og fasteignum. Úthlutað var 444 kennslustundum fyrir skólaárið 2009-2010 miðað við 160 nemendur. Tillögur skólastjóra að kennslumagni fyrir árið 2010-2011 eru 469 kennslustundir miðað við 163 nemendur, og er sú aukning að mestu leyti komin til af aukinni sérkennslu. Reiknar skólastjóri með að matarkostnaður komi til með að hækka um 20% og gerir Fræðsluráð ekki athugasemdir við það. Var farið lauslega yfir fyrirsjáanlegt viðhald á eignum og nágrenni skólans. Skólastjóri telur ekki þörf á að hönnunarvinna vegna viðbyggingar skólans sé haldið áfram fyrr en fyrirséð sé að byggingarframkvæmdir geti hafist.
3. Guðrún Lára Magnúsdóttir fór yfir vinnu við fjárhagsáætlun Leikskólans Ásgarðs fyrir árið 2010. Flestir liðir eru framreiknaðir með hækkun upp á 10%. Samkvæmt könnun leikskólustjóra á verðskrá leikskóla víða um landið virðist verðskrá Leiksskólans Ásgarðs vera í meðallagi. Hækka þarf fæðisgjald um 15%. Líklegt er að miðað við væntanlegan nemendafjölda að deild leikskólans í Víðihlíð verði lögð niður næsta haust. Gera á samning við talmeinafræðing sem staðsettur er á Sauðárkróki. Leikskólustjóri fór einnig yfir tilfallandi viðhald á húsnæði skólans og tillögur um bættu aðkomu að leikskólanum.

Magnús Eðvaldsson sat fundinn sem fulltrúi starfsmanna grunnskólans. Ína Björk Ársælsdóttir sat fundinn sem fulltrúi skólaráðs grunnskólans og foreldraráðs leikskólans. Alma Benjamínsdóttir sat fundinn sem fulltrúi starfsmanna leikskólans. Gunnar Þorgeirsson boðaði forföll sín og varamanns.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:30.

Guðmundur Ísfeld(sign.),
Guðrún Elín Benónýsdóttir(sign.),
Skúli Þórðarson(sign.).

Gísli Már Arnarson(sign.),
Elín Jóna Rósinberg(sign.).